

Persónuverndarfræðsla

Til þess að geta unnið úr umsókn þinni og lagt mat á rétt þinn til þjónustu í formi sérmerkt bílastæðis (P-stæðis) samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar, er velferðarsviði Reykjavíkurborgar nauðsynlegt að vinna með nánar tilgreindar persónuupplýsingar þínar. Unnið er með upplýsingar sem þú lætur af hendi í umsóknarferli. Í samræmi við lagaskyldu varðveitir borgin þessar upplýsingar ótímabundið.

Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?

Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar til að leggja mat á umsókn umsérmerkt bílastæði (P-stæði). Veitir þú Reykjavíkurborg ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn þína.

Hvaða upplýsingar er unnið með?

Réttur til sérmerkt bílastæðis (P-stæðis) byggir á stöðu umsækjenda í margvíslegum skilningi. Unnið er með eftirfarandi upplýsingar um umsækjendur:

Almennar persónuupplýsingar: Nafn, lögheimili/aðsetur, kennitölu, símanúmer, netfang, bílnúmer og aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri í umsóknarferli.

Viðkvæmar persónuupplýsingar: Umsækjandi þarf að skila inn læknisvottorði, staðfestingu á útgefnu P-merki frá sýslumanni og ljósmynd af framhlið og bakhlið merkisins, ásamt upplýsingum um hvers vegna sótt er um sérmerkt bílastæði við lögheimili umsækjanda.

Hvaðan koma upplýsingarnar?

Umsækjandi veitir framangreindar upplýsingar auk þess sem Reykjavíkurborg sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar kann jafnframt að afla nauðsynlegra upplýsinga úr gagnagrunni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, til þess að geta lagt mat á og afgreitt umsókn þessa.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Persónuupplýsingar þínar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á Reykjavíkurborg. Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll gögn sem unnið er með til varðveislu.

Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?

Reykjavíkurborg gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

Miðlun persónuupplýsinganna til þriðju aðila

Komi til þess að umsókn um sérmerkt bílastæði (P-stæði) verði samþykkt mun Reykjavíkurborg láta útbúa skilti vegna sérmerkt bílastæðis og setja það upp. Umsækjandi greiðir kostnað af skiltagerðinni. Upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að veita þá þjónustu sem sótt er um og hefur verið aflað í tengslum við umsókn er því miðlað til þess framkvæmdaaðila sem útbýr, selur og setur upp skilti um sérmerkt bílastæði (P-stæði) við lögheimili umsækjanda. Persónuupplýsingar eru ekki sendar annað án leyfis umsækjanda.

Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsóknir um akstursþjónustu fatlaðs fólks til varðveislu.

Reykjavíkurborg mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum þínum til annarra aðila nema borginni sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun borgin ekki miðla persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

Réttindi þín

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Reykjavíkurborg vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi. Nánari upplýsingar um þessi réttindi þín má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Kvörtun yfir vinnslu

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (persónuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar. (www.personuvernd.is)